

Miðvikudaginn 21. mars 1990.

Nr. 449/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Friðrik Erlingssyni Karlssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsí-
ákvörðunar, en ákærði vildi una dóminum.

Í dagbók lögreglunnar í Reykjavík kemur fram, að mánudaginn 25. apríl 1988 voru lögreglumenn á bifreiðinni R-20012 við hraðamælingar með ratsjá á Elliðavogi við Dugguvog. Var ratsjain prófuð fyrir mælingu kl. 20:47 (cal. 32, tónn 45) og eftir mælingu kl. 22:26 (cal. 32, tónn 45). Samkvæmt i-lið 1. mgr. 23. gr. lögreglu-
samþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 má á Elliðavogi aka með 60 km hraða miðað við klukkustund. Á blaði því úr dagbókinni, sem lagt hefur verið fram ljósritað, er getið 6 bifreiða, sem frá kl. 21:32 til kl. 21:59 fóru um götuna á 81-85 km/klst. hraða. Meðal þeirra var bifreiðin Y-17311, Mazda 323, brún að lit, sem var ekið í norðurátt og kl. 21:48 er sögð mæld á 82 km/klst. Í athugasemd-
um er þess getið, að rökkur hafi verið, rakt og rigningarúði. Bifreið-
in var stöðvuð af lögregluþjóni, sem var nokkru vestar, eða við gatnamót Elliðavogs og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegur, og tal haft af ökumanni. Ágreiningslaust er, að þarna var ákærði á ferð. Hélt hann því fram á vettvangi, að hann hefði ekið á 65 km hraða á klukkustund. Lögreglumennirnir rituðu skýrslu um málið. Hinn 17. maí 1988 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík ákærða sektarboð og giróseðil. Hinn 21. júlí s.á. kemur ákærði af sjálfsdáðum á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík til að mótmæla sektarboðinu. Er þá tekin af honum skýrsla, og ítrekaði hann að hafa ekið á 65 km/klst., en ekki 82 km/klst., í greint sinn og fullyrti, að mæling lögreglunnar væri röng. Í framhaldi af þessari skýrslu

ákærða er tekin skýrsla af lögregluþjónunum, og fullyrða þeir tveir, sem í mælingabifreiðinni voru, að umrædd hraðamæling hafi verið rétt. Þessar skýrslur sínar hafa lögregluþjónarnir staðfest fyrir dómi, þótt aðeins annar þeirra hafi þá munað eftir málsatvikum, enda var þá liðið meira en ár frá atburðinum og tæpt ár frá skýrslugjöf fyrir lögreglu. Ákærði hélt fast við skýrslu sína fyrir lögreglu, þá er hann kom fyrir dóm.

Þegar gögn máls þessa eru virt, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið norður Elliðavog 25. apríl 1988 á allt að 82 km hraða á klukkustund, eins og í ákæru greinir. Hann hefur því með akstri sínum brotið gegn 23. gr. lögreglusamþykktar nr. 625/1987, sbr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og unnið til refsingar samkvæmt 100. gr. sömu laga.

Hinn 5. október 1988 gekkst ákærði undir sátt, þar sem hann samþykkti að greiða 8.000 króna sekt vegna brots á 37. gr. umferðarlaga. Refsingu í þessu máli ber því að ákveða með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu athuguðu er rétt að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin 7.500 krónur, en vararefsing 3 daga varðhald. Enginn sakarkostnaður var í héraði, svo að ekki eru efni til að fjalla um ákvæði héraðsdóms um kostnað, en dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Friðrik Erlingsson Karlsson, greiði 7.500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 317/1989: Ákæruvaldið gegn Friðriki Erlingssyni Karlssyni, sem tekið var til dóms þann 15. júní s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 29. desember 1988, gegn ákærða, Friðriki Erlingssyni Karlssyni verkamanni, til heimilis að Hátúni 1 hér í borg, kt. 20.07.62-2319, „fyrir að aka mánudaginn 25. apríl 1988 bifreiðinni Y-17311 norður Elliðavog í Reykjavík með allt að 82 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla við Lystadún, Dugguvogi 8-10.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Mánudaginn 25. apríl voru lögreglumenn á lögreglubifreiðinni R-20012 við radarmælingar á Elliðavogi við Dugguvog, og var lögreglubifreiðin kyrrstæð. Beindist mæling að bifreiðum, sem ekið var norður Elliðavog. Um kl. 21:48 var bifreiðinni Y-17311 ekið framangreinda leið, òg sýndi radar lögreglubifreiðarinnar þá töluna 82 km/klst. Lögreglumenn stöðvuðu akstur ökumanns bifreiðarinnar, ákærða í máli þessu, Friðriks Erlingssonar Karlssonar, og bar hann að hafa ekið bifreiðinni með 65 km/klst. á framan­greindum stað og tíma.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með lögreglusektargerð og greiðslu 4.000 króna sektar, en því boði hafnaði hann.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt og greiðslu 6.000 króna sektar í sakadómi Reykjavíkur þann 22. september 1988, en því boði hafnaði hann.

Ákærði gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni Y-17311 norður Elliðavog þann 25. apríl sl., uns akstur hafi verið stöðvaður af lögreglu vegna grunar um of hraðan akstur. Ákærði bar að hafa ekið bifreiðinni á 65 km/klst., en ekki með 82 km/klst., svo sem hann væri ákærður fyrir. Ákærði gerði athugasemdir við þær aðstæður, sem merkt er við á frumskýrslu málsins, en þar kemur fram, að myrkur hafi verið úti og akbraut blaut. Ákærði bar, að akbraut hafi verið þurr og bjart hafi verið úti.

Vitnið Guðbrandur Hansson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið í lögreglubifreið, sem staðsett hafi verið á Elliðavogi við Skeiðarvog mánudaginn 25. apríl 1988, og hafi það stöðvað akstur þeirra bifreiða, sem mældar hefðu verið á of háum (sic) hraða á Elliðavogi við Lystadún. Vitnið bar að hafa stöðvað akstur ákærða, og kvaðst hann ekki muna eftir honum öðrum fremur.

Vitnið Valgeir Ólafur Guðmundsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Vitnið kvaðst ekkert muna eftir málinu.

Vitnið Helgi Þorkell Kristjánsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið í umferðareftirliti á Elliðavogi 25. apríl 1988 ásamt Valgeiri Guðmundssyni í lögreglubifreið, sem staðsett hafi verið við Lystadún. Vitnið bar, að ákærði hafi komið akandi á brúnni bifreið af gerðinni Mazda og radarinn þá sýnt töluna 82 km/klst. Vitnið kvað engan vafa hafa leikið á því, að mælingin hafi átt við bifreið ákærða.

Niðurstöður.

Ákærði hefur neitað að hafa ekið bifreiðinni Y-17311 á kærðum hraða. Tveir lögreglumenn unnu að hraðamælingu, og hefur einungis annar getað borið um atvik. Þriðji lögreglumaðurinn stöðvaði akstur ákærða, og mundi hann ekkert eftir málinu. Eigi þykir nægilega sannað, þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, að ákærði hafi ekið á kærðum hraða greint sinn. Ákærði er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður.

Allur sakarkostnaður greiðist af ríkissjóði samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Erlingsson Karlsson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist af ríkissjóði.
